



LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ

TALNABRUNNUR

Fréttabréf landlæknis um heilbrigðistöflfræði

4. árg. 6. tölublað. Júní 2010.

EFNI:

Ný rannsókn á loftmengun og sölu astmalyfja árin 2006–2008 **bls. 1**

Biðlistar vegna skurðaðgerða á sjúkrahúsum í júní 2010 **bls. 2**

Rafræn þýðing orðalista úr ICD-10 **bls. 3**

Ritstjórn

Sigríður Haraldsdóttir
sviðsstjóri, ábm.

Anna Björg Aradóttir
Matthías Halldórsson
Svanhildur Þorsteinsdóttir

Ritstjóri
Jónína M. Guðnadóttir

LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ HEILBRIGÐISTÖLFRÆÐISVIÐ

Austurströnd 5
170 Seltjarnarnes
Sími: 510 1900
Bréfasími: 510 1919

Netfang: mottaka@landlaeknir.is
Veffang: www.landlaeknir.is

Heimilt er að nota efni þessa fréttabréfs, sé heimildar getið.

NÝ RANNSÓKN Á LOFTMENGUN OG SÖLU ASTMALYFJA ÁRIN 2006–2008

Svifryksmagn á höfuðborgarsvæðinu fer langt upp fyrir heilsuverndarmörk nokkra daga á ári þegar þurr er í veðri og umferð er talsverð. Nýlega varði Hanne Krage Carlsen meistaraverkefni sitt í lýðheilsuvísindum frá Háskóla Íslands þar sem fyrstu niðurstöður rannsóknar á loftmengun og sölu astmalyfja komu fram. Við rannsóknina voru m.a. nýtt gögn um lyfjaávisanir vegna astmalyfja úr lyfjagagnagrunni Landlæknisembættisins og hefði rannsókn með þessu sniði ekki verið möguleg án gagnagrunnsins. Meistaraverkefnið hlaut meðal annars styrk úr Oddssjóði, frá Samtökum gegn astma og ofnæmi og frá Vegagerðinni.

Meistaraverkefni Hanne byggði á mælingum frá Umhverfissviði Reykjavíkurborgar um magn svifryks (PM_{10}) en svifrykið kemur frá malbiki, sandfoki og jarðvegi sem þyrlast upp við umferð, öðrum efnum í útblæstri ökutækja (NO_2 , O_3) og útblæstri brennisteinsvetnis (H_2S) frá jarðhitavirkjunum austan Reykjavíkur.

Til að meta heilsufar höfuðborgarbúa var notast við gögn úr lyfjagagnagrunni Landlæknisembættisins um daglegar úttektir fullorðinna íbúa höfuðborgarsvæðisins á astmalyfjum. Rannsóknartilgátan var að í kjölfar aukinnar loftmengunar ykist tíma-

bundið þörf höfuðborgarbúa fyrir þessi lyf vegna aukinna einkenna frá neðri loftvegum. Tekið var tillit til ýmissa þátta, svo sem veðurfars, flensutímabíla og frjókornamagns, við greiningu á tengslum loftmengunar og öndunarfæraheilsu.

Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu að í kjölfar aukinnar loftmengunar jókst fjöldi fólks sem leysti út astmalyf. Aukningin var marktækust hvað varðar svifryk og jókst þá sala astmalyfja um 2% á 35 dögum ársins þegar mengun mældist mest borið saman við þá daga þegar minnst mengun mældist. Einnig fannst marktækt samband við magn brennisteinsvetnis í lofti, en fjöldi einstaklinga sem leysti út lyf jókst um 3% þá daga sem brennisteinsmengun var mest samanborið við tímabil þegar hún var minnst. Einnig sást samband á milli loftmengunar frá útblæstri bíla og sölu astmalyfja, en það var þó ekki jafn augljóst.

Gögnin benda til þess að loftmengun í Reykjavík sé svo mikil að hún hafi mælanleg áhrif á notkun lyfja gegn teppusjúkdómum í öndunarferum. Þótt heildaraukning í notkun lyfjanna sé ekki mjög mikil þá er líklegt að loftmengun komi meira við ákveðna undirhópa, svo sem aldraða eða þá sem veikir eru fyrir. Einnig er rétt að hafa í huga að sala astmalyfja endurspeglar ekki endilega alvarleika einkenna þar sem margir notendur leysa út stóra skammta í einu og taka þessi lyf daglega.

Reykjavíkurborg vinnur nú þegar að ráðstöfunum til að minnka svifryk í andrúmslofti og sendir út tilkynningar þegar lítur út fyrir að svifryksmagn í lofti muni aukast. Rannsóknarniðurstöður hvað varðar mælanleg áhrif brennisteinsvetnis



Rykmengun í lofti yfir Reykjavík.

(Framhald bls. 2)

Gögnin benda til að loftmengun í Reykjavík sé svo mikil að hún hafi mælanleg áhrif á notkun astmalyfja.

á sölu astmalyfja komu á óvart þar sem dreifing brennisteinsvetnis á höfuðborgarsvæðinu er misjöfn og tiltölulega langt er til uppsprettunnar.

Niðurstöður þessa verkefnis hafa þegar bætt þekkingu um heilsuáhrif loftmengunar á höfuðborgarsvæðinu. Mörgum spurningum er hins vegar enn ósvarað, þar sem einungis voru könnuð heildaráhrif og lyfjanotkun í þessari rannsókn, en engin greining var gerð eftir búsetu innan höfuðborgarsvæðisins, aldri, kyni eða undirliggjandi sjúkdómum meðal notenda.

Á meðal þess sem rannsaka þarf nánar eru áhrif mengunar á börn, hvort fólk sem býr á

ákveðnum svæðum höfuðborgarinnar sé í meiri hættu en aðrir og hvaða undirhópar í samfélaginu eru í mestri hættu vegna áhrifa loftmengunar.

Hanne Krage Carlsen, MPH

Rannsókn þessi var unnin við Miðstöð í Lýðheilsuvísindum við HÍ undir handleiðslu Þórarins Gíslasonar lungnalæknis, Helgu Zoëga doktorsnema og Birgis Hrafnkelssonar tölfræðings. Grein með frekari umfjöllun um niðurstöður verkefnisins hefur verið send til birtingar í alþjóðlegu vísindatímariti.



BIÐLISTAR VEGNA SKURÐAÐGERÐA Á SJÚKRAHÚSUM Í JÚNÍ 2010

Nú liggja fyrir upplýsingar um fjölda einstaklinga á biðlista eftir völdum aðgerðum í júní 2010. Almennit má segja að staða á biðlistum sé góð, þó vissulega séu þar undantekningar. Enginn biðlisti er eftir almennum skurðaáðgerðum né aðgerðum vegna krabbameina en kvartað hefur verið undan slíkum biðlistum í sumum nágrennalöndum.

Fjöldmennustu biðlistarnir eru vegna augasteinsaáðgerða, gerviliðaaáðgerða á hné og gerviliðaaáðgerða á mjöðm. Þar á eftir koma aðgerðir vegna legsigs hjá konum og loks brjóstaminnkunaraðgerðir (sjá mynd 1). Það skal tekið fram að fjöldi einstaklinga er ekki eini mælikvarðinn sem notaður er við mat á biðlistum því mikilvægt er að taka tillit til þess tíma sem einstaklingarnir þurfa að bíða eftir tiltekinni aðgerð. Þar af leiðandi er einnig birtur áætlaður meðalbíðtími eftir aðgerð þar sem þær upplýsingar liggja fyrir.

Augasteinsaáðgerðir

Biðlisti eftir augasteinsaáðgerðum er sem fyrr sá fjöldmennasti. Einstaklingum á þeim lista hefur þó fækkað stórlega frá sama tímabili í fyrra. Þá bíðu 1227 einstaklingar eftir augasteinaáðgerð, í febrúar 2010 voru þeir 558 en þegar staðan var tekin í júní á þessu ári hafði þeim fækkað í 381 (sjá mynd 2). Fækkunin nemur því hátt í 70% sé litið til síðustu 12 mánaða.



Eins og getið var um í frétt í 3. tbl. *Talnabrunns* fyrr á þessu ári er skýringa á þessari fækkun helst að leita í auknum afköstum í kjölfar fjölgunar aðgerðastaða en hugsanlega einnig í aukinni greiðsluþátttöku sjúklunga.

Í júní 2008
 beið 131 einstaklingur
 eftir mjaðmaraðgerð,
 en í júní 2009
 voru þeir 124
 og 128 í júní 2010.
 Meðalbiðtími
 á LSH var
 um 13 vikur.

Gerviliðaaðgerðir

Nokkrar sveiflur hafa verið á biðlistum eftir gerviliðaaðgerðum á hné. Eftir mikla fækkun á milli júnímánaðar 2008 og júní 2009 hefur nú aftur fjölgað um ríflega 50% á þeim lista. Í júní á þessu ári biðu 235 einstaklingar eftir slíkri aðgerð. Árstíðasveiflur eru á biðlistum eftir gerviliðaaðgerð á mjöðm en sé miðað við sömu mánuði undanfarin tvö ár hefur listinn haldist nokkuð stöðugur. Í júní 2008 beið 131 einstaklingur eftir mjaðmaraðgerð, í júní 2009 voru þeir 124 en 128 í júní 2010. Meðalbiðtími á Landspítala, þar sem biðlistinn var fjölmennastur, var um 13 vikur.

Aðrar aðgerðir

Á eftir augasteinsaðgerðum og gerviliðaaðgerðum er biðlisti eftir aðgerð til lagfæringar á legsigi fjölmennastur. Í júní 2010 biðu 102 konur eftir slíkri aðgerð. Fjöldi á þeim lista hefur haldist nokkuð stöðugur í þau tvö ár sem sambærilegar tölur ná yfir.

Um 80% kvenna á listanum bíða eftir aðgerð á St. Jósefsspítala-Sólvangi.

Fækkað hefur á biðlista eftir brjóstaminnkunaraðgerðum. Þannig biðu 145 konur eftir slíkri aðgerð í júní 2009 en 91 kona í júní 2010. Meðal biðtími eftir þessum aðgerðum er hinsvegar langur, í júní 2010 var hann t.d. yfir tvö og hálf ár á Landspítala, þar sem lengsti biðlistinn var.

Innköllum og úrvinnsla

Landlæknisembættið safnar og birtir upplýsingar um stöðu á biðlistum þrisvar á ári og hefur gert frá árinu 2008. Aðgerðalistinn sem liggur til grundvallar söfnuninni nær yfir hátt í 30 skurðaðgerðir.

Vegna árstíðasveiflna er eðlilegast að bera saman stöðu á biðlistum í sama mánuði ár hvert en heildaryfirlit yfir stöðu á biðlistum má skoða á vefsetri Landlæknisembættisins (<http://www.landlaeknir.is/Pages/915>).

Guðrún Kr. Guðfinnsdóttir

RAFRÆN ÞÝÐING ORÐALISTA ÚR ICD-10

Rafrænar þýðingar
 á stafrófskveri
 ICD-10
 hafa að geyma
 53.000 heiti
 sem hægt er
 að fletta eftir.

Á þessu sumri sköpuðust aðstæður til að að ráða tvo háskólanema í sumarstarf við að prófa rafrænar þýðingar á orðalístaum úr ICD-10 flokkunarkerfinu. Þær Rannveig S. Sigurvinsdóttir og Anna Sigríður Jökuldóttir munu starfa í sumar að því verkefni.

Eins og kunnugt er gefur Landlæknisembættið út alþjóðleg flokkunarkerfi með íslenskum þýðingum. Eitt stærsta flokkunarkerfið er ICD-10, flokkunarkerfi sjúkdóma og skyldra heilbrigðisvandamála frá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni, sem síðast var gefið út í íslenskri þýðingu að hluta árið 1997. Þá var ekki þýtt svokallað stafrófskver þess, sem er uppflettirit með samheitum og bæði almennari og sér-tækari greiningarheitum. Grunnkerfið er rúmlega 12.000 kóðar, en í stafrófskverinu eru yfir 53.000 heiti sem hægt er að fletta eftir. Oft hafa komið fram óskir um að gera þetta aðgengilegt fyrir rafrænar flettingar en engin lausn verið í sjónmáli um hvernig ætti að standa að þýðingum. Með ráðningu háskólanemanna stendur þetta til bóta.

Útgáfa flokkunarkerfa er rafræn að mestu og í skrá sem hægt er að birta á vefnum www.skafli.is og í rafrænum sjúkraskrákerfum. Rafrænt skráningarumhverfi setur

skráningu skorður og er því málfar á flokkunarkerfum mikilvægt, auk þess sem samheiti styðja við rétta skráningu. Þýðing orðasafna í rafrænu umhverfi er þekkt erlendis enda eru kóðuð orðasöfn að verða æ algengari í rafrænni skráningu. Slíka vinnu er hvorki hægt fullvinna rafrænt, né heldur án tengsla við aðila fagsviða, en væntingar eru miklar um að hér séu stigin framfaraskref til að bæta starfsumhverfi þýðenda slíkra safna. Þegar stafrófskver ICD-10 verður komið í rafræna birtingu á vef embættisins verður það mikil viðbót enda nánast tvöföldun á heildarfjölda kóða þar.

Verkefnið felst í rafrænum samkeyrslum á 53.000 orða listum úr stafrófskveri ICD-10 á ensku við valin iðorðasöfn í Orðabanka Íslenskrar málstöðvar. Afrakstur samkeyrslunnar þarf síðan að rýna með hliðsjón af innihaldi í sérstöku þýðingartóli. Stefnt er að rafrænni birtingu á stafrófskverinu í haust á ensku, með þýðingum að hluta.

Lilja Sigrún Jónsdóttir